

## Samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um fasteignamál

Fulltrúar ríkisins og [Reykjavíkurborgar](#) hafa undirritað samkomulag um eignaskipti og sölu fasteigna sem verið hafa í sameign ríkis og borgar.

Samkomulagið nær til fasteigna sem nýttar hafa verið undir starfsemi sérskóla og framhaldsskóla en í felst jafnframt að Heilsuverndarstöðin við Barónstíg verður seld. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra skrifuðu undir samkomulagið fyrir hönd ríkisins og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri fyrir hönd [Reykjavíkurborgar](#).

Viðræðurnar, sem farið hafa fram undanfarið, hafa snúist um hvernig best sé að háttá eignarhaldi á húsnæði sérskólanna, nú þegar sýnt er að rekstur þeirra verður áfram á hendi sveitarfélaganna, og breytingar á eignarhaldi á öðru húsnæði sem er í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga, einkum Reykjavíkurborgar. Samkomulagið felur í sér eftirfarandi:

- Reykjavíkurborg yfirtekur eignarhald á [Óskjuhlíðarskóla](#) og [Safamyrskóla](#), þar



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri við undirritun samkomulagsins.

sem rekin er þjónusta við fötluð grunnskóla-börn, og á minni húseignum við [Vesturhlíðarskóla](#), þar sem einnig er rekin þjónusta við fötluð grunnskólabörn, ásamt [Brúarskóla](#), sérskóla fyrir börn á grunnskólaaldri með félagslegar og geðrænar raskanir.

- Það húsnæði sérskóla sem ekki er nauðsynlegt að nýta fyrir starfsemi slíkra skóla verður selt og andvirðið nýtt til að

kosta uppbyggingu á nýrri sérdeildarálmu fyrir fatlaða við [Fjölbautaskólann í Ármúla](#). Húsnæðið sem hér um ræðir er aðalbygging fyrrum heyrnleysingjaskólans (Vesturhlíðarskóla) en kennsla og þjónusta við heyrnarlaus- og heyrnarskert börn á grunnskólaaldri hefur verið sameinuð á einn stað í nýrri viðbyggingu við Hlíðaskóla.

- Samkvæmt samkomulaginu kaupir Reykjavíkurborg eignarluta ríkisins í [Vörðuskóla](#), sem [lönskólinn í Reykjavík](#) nýtir nú, og verður það húsnæði afhent þegar lönskólinn í Reykjavík getur flutt í nýtt húsnæði sem kostað verður að 40 hundraðshlutum af Reykjavíkurborg í samræmi við kostnaðarskiptaákvæði 37. gr. framhaldsskólalaga [nr. 80/1996](#).
- Ríkið og Reykjavíkurborg munu selja húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík við Barónsstíg á almennum markaði og verður andvirðinu skipt á milli eigenda í samræmi við eignarhlutföll.

Nánari upplýsingar eru að finna á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#).

## Opinber heimsókn til Noregs

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var í opinberri heimsókn í Bergen í Noregi dagana 24. - 27. maí sl. í boði Valgerð Svarstad Haugland menningarmálaráðherra Noregs.

Ráðherrarnir voru viðstaddir opnun Listahátíðarinnar í Bergen, [Festspillene í Bergen](#), og áttu jafnframt tvihlíða viðræður um samstarf ríkjanna á sviði menningarmála og ýmis mál er brenna á báðum þjóðum. Einnig var fjöldi menningarstofnana í Bergen heimsóttur, m.a. [Troidhaugen](#), [Kulturhuset USF](#), [Carte Blanche](#) og [Teatergarasjen](#).

Valgerð Svarstad Haugland, menningarmálaráðherra Noregs, kemur í opinbera heimsókn til Íslands í byrjun júlí.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Kristján Arason eiginmaður hennar í Bergen ásamt Valgerð Svarstad Haugland menningarmálaráðherra Noregs og Geir Haugland eiginmanni hennar.

## Málþing um borgaravítund og lýðræði

Menntamálaráðuneytið stóð fyrir málþingi með ungu fólki mánudaginn 30. maí sl. í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Til málþingsins var boðið um 40 nemendum í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla auk fulltrúa frá ungmennta- og æskulýðsamtökum.

Tilgangur málþingsins var að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að ræða um borgaravítund og lýðræði frá eigin sjónarhorni og hvernig skólinn geti stuðlað betur að því að undirbúa ungt fólk undir að vera virkir borgarar í lýðræðislegu samfélagi.

Í upphafi málþingsins ávarpaði Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður ráðherra unga fólkið fyrir hönd menntamálaráðherra.



Nemendur í hópavinnu á málþinginu.

Hann ræddi m.a. mikilvægi virkrar þátttöku allra í hinu lýðræðislega ferli og hvatti ungt fólk til virkrar stjórnmalabátttöku og afskipta af samfélagslegum málefnum.

Í lok málþingsins var hlaðin varða úr grjóti sem þátttakendur höfðu skrifað á það orð sem þeim var efst í huga eftir umræður dagsins. Varðan, sem afhent var [Menntaskólanum við Hamrahlíð](#) til varðveislu, er táknrænn vegvísir fram á veginn.

Málþingið var haldið í tilefni af verkefni Evrópuráðsins, [Evrópuúr um borgaravítund og lýðræði í skólastarfi 2005](#), sem menntamálaráðuneytið tekur þátt í. Landsnefnd um framkvæmd verkefnisins, sem í eiga sæti hagsmunaaðilar skóla- og æskulýðsstarfs í landinu, hefur það hlutverk að sjá um framkvæmd verkefnisins. Formaður nefndarinnar er Sesselja Snævarr.

Upplýsingar um verkefnið má finna á [www.menntagatt.is](#) og [www.coe.int/edc](#)

